



Nefndasvið Alþingis  
Velferðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 141/1242*  
*komudagur 14.1.2013*

Kópavogi 11. febrúar 2013.

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir og lögum um verslun með áfengi og tóbak.**

**Mál 499 frá velferðarnefnd.**

Hjartavernd gerir engar efnislegar athugasemdir en vill koma á framfæri ánægju sinni með það skref sem stigið er í frumvarpinu. Í því er reynt að koma í veg fyrir tóbaksnotkun meðal ungs fólks og þá sérstaklega neftóbaks- og munntóbaksnotkun sem hefur farið vaxandi síðustu árin. Tóbak í hvaða formi sem er, er mjög ávanabindandi og getur valdið miklu heilsutjóni.

Jafnframt telur Hjartavernd það jákvætt að frumvarpið gangi lengra með banni sínu á fínkornóttu neftóbaki en gera þarf samkvæmt löggjöf ESB.

Hjartavernd hvetur til þess að frumvarpið verði samþykkt og ítrekar að aldrei megi slaka á í tóbaksvörnum.

Hjartavernd þakkar fyrir að fá að fjalla um málið.

Virðingarfyllst,

Vilmundur Guðnason forstöðulæknir Hjartaverndar